

LANDSRÉTTUR

Dómur þriðjudaginn 17. desember 2024.

Mál nr. 277/2024:

Ákærvaldið

(Einar Tryggvason saksóknari)

gegn

X

(Páll Kristjánsson lögmaður)

(Stefán Þórarinn Ólafsson réttargæslumaður)

Lykilorð

Kynferðisbrot. Kynferðisleg áreitni. Brot gegn blygðunarsemi. Barnaverndarlagaþrot. Sönnun. Miskabætur. Frávísunarkröfu hafnað.

Útdráttur

Með dómi héraðsdóms var X sakfelld fyrir brot gegn 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með því að hafa áreitt A kynferðislega en sýknuð af því að hafa brotið gegn blygðunarsemi A, B og C samkvæmt 209. gr. sömu laga og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Í dómi Landsréttar var talið sannað með trúverðugum framburði A, B og C, sem fengi stuðning í framburði vitna, að X hefði brotið gegn blygðunarsemi þeirra allra með því að hafa viðhaft við þá kynferðislegt, vanvirðandi og ósiðlegt tal eins og lýst var í ákæru. Þá var staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að X hefði áreitt brotapolann A kynferðislega. Refsing X var ákveðin fangelsi í tvo mánuði en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá var henni gert að greiða A 200.000 krónur í miskabætur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir og Kjartan Bjarni Björgvinsson og Eyvindur G. Gunnarsson settur landsréttardómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 7. mars 2024 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun. Málgögn bárust réttinum 28. ágúst 2024. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra 1. mars 2024 í málinu nr. S-98/2023.
- Ákærvaldið krefst þess að ákærða verði sakfelld fyrir þá háttsemi sem henni er gefin að sök í ákæru og að refsing hennar verði þyngd.

- 3 Ákærða krefst þess að ákæru verði vísað frá dómi en til vara að hún verði sýknuð. Þá krefst ákærða frávísunar á einkaréttarkröfu, til vara sýknu en að því frágengnu lækkunar á einkaréttarkröfu.
- 4 Brotapoli, A, krefst þess að ákærða verði dæmd til að greiða honum 600.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. desember 2022 til 20. desember 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Niðurstaða

- 5 Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir málsatvikum og því sem fram kom við skýrslutökur í héraði. Svo sem þar kemur fram var ákærðu gefið að sök kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 3. desember 2022, í bifreið á [...], brotið gegn blygðunarsemi B, C og A með því að hafa viðhaft við þá kynferðislegt, vanvirðandi og ósiðlegt tal, auk þess að hafa áreitt A kynferðislega með því að fara með hendurnar inn fyrir buxna- og nærbuxnastreng hans. Í ákæru eru brot ákærðu talin varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, en að auki var háttsemi ákærðu gegn A talin varða við 199. gr. almennra hegningarlaga.
- 6 Með hinum áfrýjaða dómi var ákærða sakfelld fyrir brot gegn 199. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa áreitt einn af brotapolum kynferðislega en sýknuð af þeim hluta ákærunnar sem laut að broti gegn blygðunarsemi samkvæmt 209. gr. sömu laga og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.
- 7 Krafa ákærðu um frávísun málsins frá héraðsdómi er á því byggð að ákæran í málinu uppfylli ekki skilyrði um skýrleika ákæru. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 skal greina í ákæru svo glöggst sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla ef því er að skipta. Af verknaðarlýsingu í ákæru og tilgreiningu á þeim refsíákvæðum sem háttsemin er talin varða við verður að telja að nægjanlega sé lýst í ákæru hvaða háttsemi ákærðu er gefin að sök, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 9. nóvember 2017 í málinu nr. 51/2017. Verður því ekki fallist á að ákæran sé haldin annmörkum sem séu til þess fallnir að koma niður á möguleikum hennar til að halda uppi vörnum í málinu. Verður frávísunarkröfu ákærðu á þessum grundvelli því hafnað.
- 8 Ákærða neitar sök. Hún kannast við að hafa sagt brotapolum frá því að fyrir mörgum árum hafi hún á þeim stað þar sem þau voru þá stödd haft munnmök við stráak en neitar því að hafa boðið brotapolum munnmök. Þá neitaði hún að hafa farið með hendurnar inn fyrir buxur brotapolans A.
- 9 Framburður allra brotapola hefur verið stöðugur í öllum meginatriðum frá upphafi. Þeir báru allir fyrir héraðsdómi að ákærða hefði viðhaft kynferðislegt tal við þá í bifreiðinni og boðist til að eiga við þá munnmök. Að því búnu hefði talið borist að

typpastærð og ákærða í framhaldinu teygt sig fram í átt að brotapolanum A, sem hafi setið í framsætinu farþegamegin, en brotapolinn B kvaðst þó ekki hafa séð það atvik nánar heldur hefði brotapolinn A síðar sagt honum frá því. Allir brotapolar báru að þeim hefði liðið illa eftir atvikið.

- 10 Foreldrar brotapolanna þriggja, sem gáfu skýrslur fyrir Landsrétti, báru öll í meginatriðum á sama veg. Synir þeirra hefðu í kjölfar atviksins tjáð þeim að ákærða hefði viðhaft tal af kynferðislegum toga við þá og boðist til að hafa við þá munnmök. Renna þessar skýrslur vitnanna stöðum undir framburð brotapola um að ákærða hafi boðist til að hafa við þá munnmök.
- 11 Eins og áður segir var ákærða með héraðsdómi sýknuð af þeim hluta sakargifta að hafa brotið gegn blygðunarsemi brotapolanna þriggja en í ákæru var háttsemin talin varða við 209. gr. almennra hegningarlaga og barnaverndarlög hvað þetta varðar. Til þess er að líta að háttsemi samkvæmt 209. gr. almennra hegningarlaga er refsiverð án tillits til afleiðinga. Þarf ásetningur geranda því aðeins að ná til þess að fremja brot gegn ákvæðinu en þarf á hinn bóginn ekki að taka til afleiðinga. Af þeim sökum hefur ekki þýðingu hvort ákærða mátti gera sér grein fyrir því að hún væri að særa blygðunarsemi brotapola, svo sem í héraðsdómi var lagt til grundvallar, heldur hvort háttsemin var til þess fallin að særa blygðunarsemi þeirra.
- 12 Þegar allt framangreint er virt telst sannað með trúverðugum framburði allra brotapola, sem fær stuðning í framburði vitna, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærða hafa brotið gegn blygðunarsemi þeirra allra með því að hafa viðhaft við þá kynferðislegt, vanvirðandi og ósiðlegt tal eins og lýst er í ákæru. Eru saknæmisskilyrði 18. gr. almennra hegningarlaga nægjanlega uppfyllt. Brotapolar voru allir 17 ára þegar atvikið átti sér stað og telst brot ákærðu því einnig varða við barnaverndarlög. Er háttsemi ákærðu því réttilega heimfærð til 209. gr. almennra hegningarlaga og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.
- 13 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á niðurstöðu hans um að ákærða hafi áreitt brotapolann A kynferðislega og að brotið sé réttilega heimfært til 199. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.
- 14 Með hliðsjón af framansögðu þykir refsing ákærðu réttilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði sem bundin verður skilorði með þeim hætti sem greinir í dómsorði.
- 15 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað og einkaréttarkröfu brotapola verður staðfest.
- 16 Ákærðu verður gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotapola, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærða, X, sæti fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað og einkaréttarkröfu brotaþola, A, skulu vera óröskuð.

Ákærða, X, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 1.095.979 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Kristjánssonar lögmanns, 644.800 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Stefáns Þórarins Ólafssonar lögmanns, 386.880 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 1. mars 2024

I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. janúar sl. var höfðað af héraðssaksóknara 19. október sl., á hendur X, fæddri [...], til heimilis að [...],

„fyrir kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa aðfararnótt laugardagsins 3. desember 2022, í bifreið á [...], brotið gegn blygðunarsemi B, kt. [...], C, kt. [...] og A, kt. [...] með því að hafa viðhaft við þá kynferðislegt, vanvirðandi og ósiðlegt tal, auk þess að hafa áreitt A kynferðislega með því að fara með hendurnar inn fyrir buxna- og nærbuxnastreng hans.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, að auki telst háttsemi ákærðu gegn A varða við 199. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Bótakrafa

Af hálfu A, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi er þess krafist að ákærðu verði gert að greiða kröfuhafa bætur að fjárhæð 600.000 auk vaxta skv. 8.gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 31. desember 2023 (svo) en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 9. gr. sömu laga frá 3. janúar 2023 til greiðsludags, og kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar eftir mati dómara eða síðar framlögðum reikningi að viðbættum virðisaukaskatti af lögmannsþóknun.“

Við aðalmeðferð málsins krafðist réttargæslumaður A þess að þóknun hans yrði greidd úr ríkissjóði.

Ákærða krefst sýknu og þess að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi. Þá krefst hún þess að allur sakarkostnaður þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda hennar greiðist úr ríkissjóði.

II

Atvik máls

Í skýrslu lögreglunnar á Norðurlandi vestra er því lýst að 3. desember 2022 kl. 04:30 hafi borist tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um aðila sem var að reyna að komast inn í samkvæmi á [...] á [...]. Jafnframt að sami aðili hafi verið óviðeigandi í tali við ólöggráða einstakling. Lögreglumenn fóru á vettvang og hittu ákærðu fyrir utan húsið. Lögreglumennirnir fóru inn í íbúð á neðri hæð hússins og ræddu við A og eftir honum er haft að hann og vinir hans hafi boðið ákærðu far heim eftir lokun skemmtistaða. Hún hafi strax byrjað með óviðeigandi tal og boðist til að borga þeim farið með munnmökum. A hafi strax hafnað þessu. Á leiðinni hafi ákærða komist að því að samkvæmi væri að [...]

og hún krafist þess að fá að koma í samkvæmið. Húsráðandi hafi hins vegar ekki viljað hleypa henni inn og hún þá orðið mjög reið og barið að dyrum með tilheyrandi látum og öskrum.

Í skýrslunni er síðan rakið að lögreglumaður hafi rætt við ákærðu sem hafi þá alfarið hafnað því að hafa verið óviðeigandi í tali en hún hafi viljað fara í samkvæmið. Haft er eftir ákærðu að hún skilji ekki hvers vegna kallað var á lögreglu en hún hafi þegið að henni væri ekið til síns heima.

Lögregla hafði, þar sem A var á þessum tíma ólöggráða, samband við föður hans mánudaginn 5. desember. Í skýrslu lögreglu er haft eftir föður A, D, að sonur hans hafi sagt honum að ákærða hafi byrjað að þukla á honum utan klæða og svo fært höndina inn á kynfæri A. Jafnframt er haft eftir D að vinur A, B, hafi tekið eftir hegðun ákærðu og þá ýtt henni aftur í aftursætið til að koma í veg fyrir að hún héldi háttsemi sinni áfram.

Í skýrslunni segir að D hafi greint frá því að syni hans liði eins og hann hafi verið niðurlægður og vildi hann fá upplýsingar um hvað myndi gerast næst. Lögreglumaðurinn tjáði D að þar sem sonur hans væri undir lögdaldi myndi lögreglan á Norðurlandi eystra taka við rannsókn málsins og þá yrði barnavernd tilkynnt um það. Í framhaldi af þessu hafði lögregla samband við föður B sem þá hafði aðeins frétt af málinu. Einnig var hafst samband við móður C sem þá vissi um atvikið. Foreldrunum var tjáð að piltarnir yrðu líklega boðaðir til skýrslutöku vegna málsins.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra tók við rannsókn málsins og tók skýrslu af A 6. janúar 2023 og af ákærðu 12. sama mánaðar. Lögreglan á Norðurlandi vestra annaðist skýrslutökur af B sem tekin var 31. janúar 2023 og af C sem tekin var 21. febrúar 2023.

III

Framburður fyrir dómi

Ákærða greindi frá því að hún hafi verið að skemmta sér þetta kvöld. Hún hafi beðið brotapolana, sem hún kannaðist við og vissi hverjir voru, um að skutla samstarfskonu sinni út á [...] en þeir hafi ekki verið til í það. Hún hafi þá beðið þá um að skutla sér, sem þeir hafi samþykkt og hún sest inn í bifreiðina í aftursætið hægra megin fyrir aftan farþegasætið. Að sögn ákærðu töluðu þau ekki mikið saman heldur hafi hún bullað eitthvað og þeir líka. Ákærða taldi að hún hafi verið í bifreiðinni í 20 til 25 mínútur.

Ákærða bar að meðan á bílferðinni stóð hafi þau öll verið að „bulla“, hún í þeim og þeir í henni, jafnt á báða bóga. Ákærða kvaðst ekki hafa upplifað samtál þeirra þannig að hún væri að ganga yfir einhver mörk gagnvart brotapolum og enginn þeirra hafi á nokkrum tíma gefið það til kynna. Ákærða neitaði því alfarið að hafa á nokkurn hátt sært blygðunarsemi drengjanna en þeim hafi í raun fundist það sem hún sagði fyndið.

Ákærða kvaðst hafa kynnt sér framburð brotþola og kvað framburð þeirra í þá veru að hún hafi gripið í klofið á brotþolanum A rangan og neitaði alfarið að hafa farið með hendurnar inn fyrir buxur A. Hún kannaðist við að hafa sagt frá því að fyrir mörgum árum hafi hún á þeim stað sem þau voru þá stödd á „tottað strák“ og það hafi drengjunum þótt fyndið. Ákærða neitaði því hins vegar að hafa boðist til að hafa munnmök við brotapolana.

Að sögn ákærðu hafði brotþólinn B sig minna í frammi í samtali þeirra þar sem hann var mikið í símanum. Ákærða kvaðst ekki vita hvort drengirnir voru undir áhrifum áfengis. Þá kannaðist hún ekki við að drengirnir hafi nokkru sinni beðið hana um að fara út úr bifreiðinni.

Vitnið A bar að þetta kvöld hafi hann, C og B verið á rúntinum. Ákærða hafi komið að bílnum og sest inn aftursætið fyrir aftan hann. Hún hafi viljað að þeir skutluðu henni og boðist til að gefa þeim „tott“ í staðinn. Þeir hafi hlegið að þessu og haldið að þetta væri grín og ekki gert sér grein fyrir því hversu alvarlegt þetta var. Honum hafi ekki liðið illa vegna samtalsins í bílnum. Vitnið mundi ekki eftir frekara kynferðislegu tali þó hafi verið rætt um typpastærðir sem hafi endað með því að ákærða teygði sig til hans og greip í buxur hans og brók og togaði í. Hún hafi farið með hendurnar inn fyrir buxurnar en ekki komið við kynfæri hans. Hann hafi ekki brugðist neitt við heldur hafi hann frosið en vitnið taldi að B félagi hans hafi gripið í ákærðu og stoppað hana. Vitnið kvaðst hafa verið í svörtum Nike „jogging“ buxum með teygju og bandi en bandið hafi verið laust.

Vitnið lýsti því að atvik þetta hafi haft mikil áhrif á hann og hann upplifað atvikið þannig að á honum hafi verið brotið. Þá hafi það haft áhrif á hann þegar atvikið spurðist út enda búi hann í litlum bæ. Eftir atvikið hafi hann áttað sig á því að hann var ekki með húslykla og því ætlað að gista heima hjá B. Hann hafi ekki getað sofnað og orðið að fara heim til sín og segja foreldrum sínum frá því sem gerðist. Að sögn vitnisins höfðu hann og B drukkið bjór þetta kvöld en hann hafi ekki verið ölvaður.

Vitnið B bar að hann, ásamt félögum sínum A og C, hafi verið á rúntinum umrætt kvöld. Þegar þeir voru staddir fyrir utan veitingastaðinn [...] hafi ákærða sest inn í bílinn, við hlið hans í sætið fyrir aftan farþegasætið, og beðið þá um að skutla sér. Þeir hafi orðið hissa á þessu en ákærða hafi sagt að þetta væri allt í lagi því hún vissi hverjir þeir væru og að hún þekkti foreldra þeirra. Þeir hafi spurt ákærðu hvert hún vildi fara en hún hafi ekki svarað því.

Að sögn vitnisins byrjaði ákærða „fokka í þeim“ m.a. með því að segja að hún gæti „tottað þá og gert það sem hún vildi kynferðislega.“ Þetta hafi komið í framhaldi af því að þeir vildu losna við ákærðu úr bílnum. Vitnið gat hins vegar ekki lýst því nánar hvað ákærða sagði. Vitnið kvaðst ekki muna í hvaða samhengi ákærða hafi sagt þetta en hann taldi þó að þeir strákarnir hafi verið að tala um eitthvað kynferðislegt sín á milli og það hafi ákærða örugglega heyrt.

Aðspurt kvaðst vitnið ákærðu ekki hafa brotið gegn sér með kynferðislegu tali en honum hafi brugðið og ekki þótt þetta fyndið. Honum hafi ekki liðið illa yfir þessu en honum hafi þótt ákærða ganga of langt. Á þessum tíma hafi honum ekki fundist ákærða brjóta gegn blygðunarsemi sinni. Hins vegar hafi honum þótt þetta skrítið og honum hafi þótt ákærða ruddaleg með tali sínu en honum hafi verið meira misboðið fyrir hönd A. Að sögn vitnisins var hann ekki virkur þáttakandi í samtalinu sem átti sér stað í bílnum þar sem honum hafi þótt þetta asnalegt og hann hafi verið í símanum að tala við kærustu sína.

Vitnið kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis þetta kvöld en kvaðst ekki geta svarað því hvort A hafi verið undir áhrifum áfengis en hann mundi ekki eftir að hafa séð hann neyta áfengis.

Vitnið bar að á einhverjum tímapunkti hafi hann séð ákærðu teygja sig fram í til A en hann hafi ekki séð það atvik nánar en A hafi sagt honum frá þessu síðar. Nánar aðspurt um þetta atvik lýsti vitnið því að hann hafi munað betur eftir þessu atviki þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu en hann eigi erfiðara með að muna eftir þessu núna. Vitnið kvaðst hafa séð ákærðu fara með hendurnar fram í til A en nánar geti hann ekki lýst því. Eftir að vitninu var greint frá því hvað það sagði hjá lögreglu staðfesti það að ákærða hafi sagt að þeir væru með lítil typpi. Hún hafi sagt við A „ef þú ert ekki pussy má ég allavega fara inn á þig og tékka á því hvort þú sért ekki með lítið.“ Hún hafi síðan fært sig í miðjusætið og teygst fram í til A. Að sögn vitnisins var A miður sín eftir þetta. Vitnið kvaðst hafa verið í símanum á þessum tíma og ekki fylgst vel með því sem átti sér stað.

Vitnið C bar líkt og vitnin A og B að hann hafi verið á rúntinum umrætt kvöld og hann ekið bifreiðinni. Ákærða hafi komið að bílnum og nefnt þá alla með nafni og sagt að hún þekkti foreldra þeirra. Hún hafi sest inn í aftursæti bílsins en þeir hafi ítrekað beðið hana um að fara út. Hún hafi síðan spurt hvort þeir gætu skutlað henni heim og þeir samþykkt það en hún hafi ekki sagt hvert hún vildi fara. Ákærða hafi síðan boðið þeim að borga fyrir farið með „totti.“ Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega hvernig þetta kom til en þeir hafi haldið að ákærða væri að grínast og hlegið. Síðar hafi þeir gert sér grein fyrir því hversu alvarlegt þetta var en á þessum tímapunkti hafi honum þótt þetta erfitt og óþægilegt en honum fannst ákærða fara yfir ákveðin mörk. Vitnið kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því hvort ákærða mátti gera sér grein fyrir því að hún var að fara yfir einhver mörk en þeir hafi ekki sagt henni að hætta heldur breytt um umræðuefni. Vitnið bar að síðar hafi hann gert sér grein fyrir því að ákærða fór yfir mörk.

Að sögn vitnisins áttu sér stað einhverjar umræður í bílnum og hann hafi allt í einu séð að ákærða var komin með aðra höndina inn fyrir buxunastreng og brók hjá A, sem hafi frosið. Þetta hafi gerst í framhaldi af því að ákærða sagði A vera með lítið typpi. Vitnið kvað A hafa verið í sjokki eftir þetta. Sjálfum hafi honum liðið illa vegna þess sem gerðist en það hafi haft meiri áhrif á hann hvernig A leið. Vitnið bar að hann myndi vel eftir þessu atviki en eftir að honum var kynnt hvað fram kom hjá honum hjá lögreglu taldi hann rétt að ákærða hafi losað hnút á buxum A áður en hún togaði í þær. Allt þetta hafi gerst mjög hratt, hún hafi losað hnútinn (slaufuna) og farið með höndina undir buxurnar nánast í einni hreyfingu. Að sögn vitnisins hafa þeir félagarnir rætt þetta atvik mikið.

Einnig gaf skýrslu fyrir dóminum lögreglumaður nr. E sem staðfesti það sem fram kom í skýrslum sem vitnið ritaði við rannsókn málsins. Að sögn vitnisins ræddi hann símleidis við föður brotapolans A sem sagði son sinn upplifa atvikið þannig að hann hafi verið niðurlægður.

IV

Niðurstaða.

Af hálfu ákærvalds er á því byggt að framburður vitna og önnur gögn málsins leiði til þess að sekt ákærðu sé nægilega sönnuð.

Ákærða neitar sök og byggir á því að verulegir annmarkar séu á ákæru sem í raun lýsi tveimur brotum. Annars vegar broti gegn blygðunarsemi drengjanna og hins vegar kynferðisbroti gagnvart brotapolanum A. Þá gerir ákærða verulegar athugasemdir við rannsókn lögreglu á málinu.

Hvað varðar meint blygðunarsemisbrot byggir ákærða á því að slíku broti sé ekki lýst í ákæru. Þannig komi t.d. ekki tekið fram í ákærinni hvað ákærða á að hafa sagt og því geti hún ekki tekið til eiginlegra varna hvað það brot varðar. Varðandi meint kynferðisbrot þá sé það í raun ósannað.

Að mati dómsins er meintu blygðunarsemisbroti ákærðu nægjanlega lýsti í ákæru og má í því sambandi t.d. vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 51/2017 en þar var broti gegn 209. gr. almennar hegningarlaga lýst sem kynferðislegu tali án frekari útlistunar á því hvað sagt var.

Að framan er gerð grein fyrir framburði vitna og má af honum ráða að á einhverjum tímamarki hafi samtali þeirra sem í bifreiðinni voru orðið kynferðislegt og í framhaldi af því hafi ákærða sagt frá því að hún hafi fyrir mörgum árum haft munnmök við mann nærri þeim stað sem þau þá voru á. Brotapolar báru allir í meginatriðum á sama veg varðandi það sem sagt var. Lýstu þeir því allir að ákærða hafi boðist til að „totta“ þá og að á einhverjum tímamarki hafi tal borist að typpastærð.

Ákærðu er gefið að sök að hafa sært blygðunarsemi brotþola með þeim hætti sem lýst er í ákæru og brot hennar talið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Samkvæmt 209. gr. almennra hegningarlaga skal hver sá sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis sæta fangelsi allt að fjórum árum en sex mánuðum eða sektum ef brot er smávægilegt. Samkvæmt greinargerð er fylgdi 209. gr. laga nr. 19/1940 fellur undir ákvæðið fyrst og fremst ýmiss konar háttsemi önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur strípihneigð og klúrt orðbragð í síma. Er þar ekki um að ræða tæmandi upptalningu á þeirri háttsemi sem felld verður undir lagaákvæðið. Með lostugu athæfi í skilningi lagaákvæðisins er átt við athöfn af kynferðislegum toga sem gengur skemmra en samræði og önnur kynferðismök. Ekki er þó skilyrði að viðkomandi hafi fengið eitthvað kynferðislegt út úr athöfninni. Þá er það ekki skilyrði að sýnt hafi verið fram á að blygðunarsemi manna hafi raunverulega verið særð heldur er nægjanlegt að háttsemin hafi verið til þess fallin að særa blygðunarsemi annars manns.

Við mat á því hvort ákærða hafi með tali sínu brotið gegn blygðunarsemi brotþola verður að horfa til aðstæðna allra en eðli máls samkvæmt leiðir ekki allt kynferðislegt tal þess að blygðunarsemi þess sem það heyrir sé misboðið. Horfa verður til aldurs brotþola sem voru á þessum tíma allir orðnir 17 ára og því ekki barnungir. Jafnframt skiptir máli hvort ákærða mátti gera sér grein fyrir því að tal hennar, sem vissulega var óviðeigandi og óeðlilegt, væri til þess fallið að særa blygðunarsemi drengjanna. Vitnin A og C báru báðir að þeir hafi hlegið að boði ákærðu um munnmök og fram kom hjá vitninu B að honum þótti ákærða, á þessum tíma, ekki brjóta gegn blygðunarsemi hans. Að sama skapi bar vitnið A að honum hafi ekki liðið illa vegna þess tals sem átti sér stað í bílnum. Öðru kynferðislegu tali lýstu vitnin ekki með nákvæmum hætti þannig að unnt sé að fullyrða nokkuð um það hvað ákærðu og drengjunum fór á milli.

Í ljósi viðbragða brotþola við tali ákærðu verður ekki ráðið að hún hafi mátt gera sér grein fyrir því að það sem hún sagði væri til þess fallið að særa blygðunarsemi brotþola. Ásetningur er skilyrði fyrir sakfellingu á háttsemi sem lýst er í 209. gr. almennra hegningarlaga og skortir hér á að fulllilega sé í ljós leitt að ákærða hafi mátt gera sér grein fyrir því að hún væri að særa blygðunarsemi brotþola. Er ákærða því sýknuð af broti gegn 209. gr. almennra hegningarlaga og þá um leið af broti gegn barnaverndarlögum hvað þetta varðar.

Áður er rakið að brotapolar lýstu því allir að á einhverjum tíma meðan á ökuferðinni stóð hafi typpastærð borist í tal. Í framhaldi af því hafi ákærða teyg sig og gripið í buxur og brók A. Ákærða hefur allt frá upphafi rannsóknar málsins neitað þessu. Nokkur blæbrigðamunur er á lýsingu piltanna á þessu atviki en brotapolinn A kvað ákærðu hafa togað í buxna- og nærbuxnastreng hans en hún hafi ekki snert kynfæri hans. Fær þessi lýsing vitnisins stoð í framburði vitnisins C og einnig nokkra stoð í framburði vitnisins B sem þó lýsti því hér fyrir dómi að hann hafi ekki séð annað en að ákærða teygði sig í áttina til A. Framburður vitnanna er að mati dómsins nægilega skýr þannig að unnt sé að leggja til grundvallar lýsingu brotapolans A enda var framburður þeirra trúverðugur. Telst þannig sannað að ákærða hafi í framhaldi af tali um typpastærð teyg sig í buxna- og nærbuxnastreng A að framanverðu, án þess þó að snerta kynfæri hans, og togað í. Í ljósi þess að háttsemi ákærðu var í beinu framhaldi af tali um typpastærð er það mat dómsins að ákærða hafi áreitt brotapolann A kynferðislega og varðar háttsemi þessi við 199. gr. almennra hegningarlaga. Má hér til hliðsjónar vísa til áður nefnds dóms Hæstaréttar í máli nr. 51/2007. Fyrir liggur að ákærðu var kunnugt að drengirnir voru allir 17 ára og varðar brot hennar því einnig við 3. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2022.

Ákærða hefur ekki áður sætt refsingu. Að teknu tilliti til atvika málsins þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi en efni eru til að binda refsinguna skilorði og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Brotapolinn A krefst miskabóta að fjárhæð 600.000 krónur auk vaxta en við aðalmeðferð málsins var leiðrétt ritvilla í ákæru og vaxta skv. 8. gr. laga nr. 39/2008 krafist frá 3. desember 2022 en dráttarvaxta frá 20. desember 2023.

Brot ákærðu er til þess fallið að valda brotapolanum A miska. Á hinn bóginn skortir gögn til stuðnings kröfu hans. Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar 200.000 krónu með vöxtum eins og í dómsorði greinir en upphafsdagur dráttarvaxta miðast við þann dag er mánudagur var liðinn frá því að krafan var sannanlega birt ákærðu.

Að teknu tilliti til niðurstöðu málsins ber ákærðu að greiða allan sakarkostnað sem samanstendur af málsvarnarlaunum og 130.716 króna ferðakostnaði verjanda og þóknun réttargæslumanns svo sem nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar hefur verið tekið tillit til umfangs málsins, tímaskýrslu verjanda og upplýsinga réttargæslumanns um vinnustundir. Málsvarnaralaun og þóknun innifela virðisaukaskatt.

Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari sótti málið.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættum ákvæðum 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærða, X, sæti fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði 1.194.634 krónur í sakarkostnað, þar með talin 806.000 króna málsvarnarlaun verjanda síns, Páls Kristjánssonar lögmans, og 257.920 króna þóknun réttargæslumanns brotþola, Stefáns Ólafssonar lögmans.

Ákærða greiði A 200.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. desember 2022 til 20. desember 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.